



Áveitan

8. tbl. 17. árgangur. Ágúst 2023

HESTAMANNAKAFFI Í FÉLAGSLUNDI

Laugardaginn 26. ágúst nk munu Hestamannafélagið Sleipnir og Kvenfélag Villingaholtshrepps vera með hestamannakaffi í félagsheimilinu Félagslundi.

Húsið opnar kl. 15:00 en þar verður hægt að kaupa sér kaffi og bakkelsi fyrir 2000 kr.

Boðið verður upp á að sleppa hrossum í girðingu svo knapar geti skellt sér í kaffi.

Allir velkomnir

**Hestamannafélagið Sleipnir og
Kvenfélag Villingaholtshrepps**

Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Hallfríður Ósk Aðalsteinsd. halla@floahreppur.is
Oddný Ása Ingjaldsdóttir oddnyasa@floaskoli.is

845-9719
865-5692

Pistill sveitarstjóra



Kæru lesendur Áveitunnar



Liðinn mánuður hefur heldur betur boðið upp á sumarverður með mildu og góðu veðri hér í Flóahreppi. Það væri reyndar ekkert verra að fá smá vætu í jarðveginn til að vökva jörðina aðeins. Starfsemi skrifstofu Flóahrepps hefur verið skert frá 10. júlí og mun skrifstofan opna aftur eftir sumarleyfi á hefðbundinn hátt frá og með þriðjudeginum 8. ágúst. Aðkallandi mál hafa þó verið afgreidd eftir bestu getu af starfsmönnum og oddvita sveitarstjórnar.

Töluverð umræða skapaðist í kringum vegaf framkvæmdir á Þjóðvegi 1 núna í júlí. Við fögnum vissulega lagfæringum á Þjóðvegi 1 enda fara mörg þúsund bílar þann vegkafla í gengum Flóahrepp daglega. Samkvæmt tölum frá Vegagerðinni frá árinu 2022 er dagleg meðaltalsumferð á sumrin 7700 bílar sem fara um Þjóðveg 1 frá Selfossi að Skeiða- og Hrunamannavegi. Þar sem ferðamönnum hefur fjölgað um næstum 80% á síðustu 12 mánuðum þá má gera ráð fyrir að þessar tölur séu mun hærri fyrir árið 2023 þar sem stór hluti ferðamanna fer Suðurströndina á ferð sinni um Ísland.

Burtséð frá nauðsynlegum viðhaldsframkvæmdum á vegakerfinu þá hefur verið gagnrýnt hvernig staðið var að þessum framkvæmdum. Sveitarfélagið og íbúar voru ekki meðvitaðir um framkvæmdirnar með fyrirvara og hjáleiðir voru ekki undirbúnar með því að rykbinda eða

hefla. Hjáleiðir voru notaðar um Önundarholtsveg og margir bílar fóru einnig Urriðafossveg, þó að hægt væri að komast Villingaholtsveg aftur á Þjóðveg 1. Það er alveg ljóst að þessir vegir þola engan vegin þessa þungu umferð sem skapast við hjáleið vegna lokunar á Þjóðvegi 1. Slysahætta og eignatjón eykst töluvert við mikla umferð á mjóum malarvegnum og aðstæður fyrir íbúa eru óboðlegar vegna rykmengunar í svo stórauðinni umferð. Íbúar og við sem erum í forsvari fyrir sveitarfélagið verðum að halda áfram að þrýsta á umbætur á vegakerfinu í öllu sveitarfélaginu. Við búum við net slæmra vega og helstu tengivegir ná ekki saman með bundnu slitlagi.

Sumarið er gjarnan tími framkvæmda. Það er ánægjulegt þegar íbúar og eigendur landeigna í Flóahreppi fara af stað í framkvæmdir en mikilvægt er að fara réttar leiðir í þeim málum og muna að undirbúningur slíkra mála geta tekið tíma. Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs. hefur það hlutverk að annast lögbundin verkefni byggingar- og skipulagsfulltrúa fyrir Flóahrepp skv. gildandi lögum. Í þjónustugátt UTU er sótt bæði um byggingarmál og skipulagsmál á rafrænu forni.

Ég hvet lesendur til að gera sér ferð um Flóahrepp til að sjá hversu víða verið er að framkvæma. Flóahreppur er stækkandi sveitarfélag en á sama tíma sveitarfélag með dreifbýlisyfirbragð.

Vinnuskólinn hefur verið starfræktur í sumar undir stjórn Árna Geirs Hilmarssonar og Guðmundu Bríetar Steindórsdóttur. Starfsmenn hafa unnið fjölbreytt verkefni svo sem hreinsun á beðum og hellum, sláttur, þökulagningu, trjásnyrtingar og margt fleira. Lokadagurinn þeirra var 24. júlí en þá gerðu þau sér glaðan dag og fóru á kayak og fleira skemmtilegt. Alls voru 29 starfsmenn í vinnuskólanum í sumar og að auki ofangreindir flokkstjórar. Starfsmönnum er hér mér þakkað fyrir þeirra góðu og mikilvægu störf fyrir sveitarfélagið þetta sumarið.

Heilsueflandi samfélag í Flóahreppi, ungmennaráð og Flóaskóli stóðu fyrir kennslu í frisbígolfi þann 5. júlí á svæðinu við Flóaskóla og Þjórásarver. Árni Sigurjónsson þrefaldur Íslandsmeistari og kennari í frisbígolfi og Elmar Viðarsson kennari í Flóaskóla sáu um kynningu á

íþróttinni og kennslu fyrir viðstadda og sáu um leiki og spil fyrir þá fjölmörgu sem mættu. Með þessu voru nýju frísbíggolfkörfurnar sem voru settar upp síðasta haust vígðar formelega. Körfurnar voru smíðaðar og gefnar af Ingvari Guðna sem á og rekur Vélsmiðju Ingvars Guðna (VIG). Það er ómetanlegt fyrir okkar litla samfélag að fá slíka gjöf sem allir geta notið góðs af og eru þeim enn og aftur færðar kærar þakkir fyrir gjöfina. Svæðið við Flóaskóla er tilvalið til útivistar og hvet ég íbúa og aðra lesendur til að nýta sér svæðið. Stefnt er að því að bæta við einni körfu í viðbót og klára merkingar á velinum.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 4. júlí sl. að ganga til samninga við Egil Guðjónsson ehf. vegna styrkingar á vatnsveitustofni frá Kjartansstöðum að Skeiðavegamótum. Gengið var frá samningi við verktaka í kjölfarið. Framkvæmdin er mikilvæg til að tryggja neysluvatn að skipulögðum svæðum í þessum hluta sveitarfélagsins. Í tengslum við þessa framkvæmd samþykkti sveitarstjórn að gera breytingu á fjárfestingaráætlun ársins 2023 þ.e að hækka áætlun vegna fjárfestinga í vatnsveitunni um 23 milljónir og lækka á móti fjárfestingu við grunnskóla á árinu um sömu frjá hæð. Stefnt er að verklokum á framkvæmd við vatnsveitu í nóvember.

Á sama fundi sveitarstjórnar var ný gjaldskrá fyrir leikskólann Krakkaborg samþykkt. Unnið hefur verið að breytingu á uppbyggingu á gjaldskrá í vetur og umræða verið um há leikskólagiöld í Flóahreppi. Með nýrri gjaldskrá er verið að jafna leikskólagiöldin þannig að við séum nær nágrannasveitarfélögunum. Fagleg og rekstrarleg rök liggja að baki ákvörðun um breytingu á gjaldskrá. Ný gjaldskrá hefur verið send á foreldra leikskólabarna í Flóahreppi.

Næsti fundur sveitarstjórnar Flóahrepps verður þriðjudaginn 15. ágúst kl 9:00 í Þingborg. Efni sem óskað er eftir að verði tekið fyrir á fundi þarf að berast eigi síðar en á hádegi föstudaginn 11. ágúst.

Hulda Kristjánsdóttir sveitarstjóri

Fréttir frá Þjótanda

Það var ýmislegt um að vera hjá Þjótanda í júlímánuði og má segja að veðurlíðan hafi verið nýtt vel.

Miðvikudagskvöldið 13. júlí héldum við okkar árlega ungmennafélagsreiðtúr. Mæting var við hestaréttina nálægt gömlu Þjórsárbrúnni. Flestir komu með hross á kerrum en nokkrir komu ríðandi að heiman. Riðið var af stað reiðleiðina upp Þjórsárbakka en svo tekinn sveigur til baka og riðið niður með árbakkanum í landi Þjótanda alla leið niður á veg. Stoppað var við ána og bauð félagið þar upp á kaffi og djús. Veðrið var einstaklega fallett þetta kvöld og mætingin mjög góð. Alls voru 35 ríðandi og hrossin upp undir 60 talsins. Skipuleggjendur reiðtúrsins voru þeir Sveinn Orri og Einar í Egilsstaðakoti.



Nokkrum dögum síðar eða 16. júlí var haldið í fjölskyldugöngu Þjótanda. Fólk mætti á bílastæðið á Ölkelduhálsi uppi á Hellisheiði. Þaðan var gengið vestur fyrir Ölkelduhnúk og niður í Reykjadal. Þar var stoppað við heitu laugarnar og borðað nesti. Margir klæddu sig í sundfötin og böðuðu sig í góða veðrinu. Eftir stoppið var klifið upp aftur, nú austur fyrir Ölkelduhnúkinn og fóru allir létt með það þó sumstaðar væri nokkuð bratt og halda þyrfti í keðju á einum stað. Gangan endaði svo á sama stað og hún hófst og kvöddust allir glaðir í bragði eftir skemmtilega ferð. Eitthvað var svo misjafnt hvaða leið fólk valdi sér til heimferðar og voru víst sumir slóðar misgóðir. Þátttakendur í fjölskyldugöngunni voru alls 33 á öllum aldri. Aðstoð við skipulagningu og göngustjóri var Guðmunda Ólafsdóttir.



28. júlí var svo komið að gönguferð fyrir fullorðna yfir Leggjabrjót. Farið var með rútu frá Þingborg kl 12 og ekið á Þingvöll og þar inn að Svartagili sem er rétt vestan við Skógarhóla. Gengið var af stað kl 13:30 og arkað upp með Öxará sem rennur niður milli Botnssúlna og Búrfells. Stoppað var eftir 5 km göngu við Öxará og borðað nesti og svo haldið áfram yfir hálsinn þar til komið var að Sandvatni og þar var stoppað aftur. Eftir það lá leiðin niðurávið alla leið niður í Botnsdal í Hvalfirði og var útsýnið afar fallegt í þessu bjarta veðri sem við fengum. Alls var gangan um 17 km löng og vorum við komin á leiðarenda um kl 18. Rútan beið okkar á bílastæðinu í Botnsdal og ók okkur þvínæst í sjóböðin í Hvammsvík þar sem fólk gat keypt sér veitingar og hvílt lúin bein eftir langa göngu. Þátttakendur í göngunni voru 23 og bættist svo aðeins í hópinn í



Botnsdal. Skipuleggjandi var Oddný Ása Ingjaldsdóttir og rútna keyrði Sigmar Örn Aðalsteinsson.

Öllum sem tóku þátt í þessum viðburðum er þakkað kærlega fyrir samveruna og sérstakar þakkir fá þau sem komu að skipulagningu og vinnu kringum þessa daga. Það er frábært að finna meðbyrinn sem félagið hefur og kraftinn og jákvæðnina sem býr í fólkinu í Þjótanda.

Stjórnin

Fréttir frá Flóaskóla

Nú fer sumri að halla og styttist í að skólinn hefji störf á ný. Sólríkur júlímánuður er að baki og ekki laust við að maður sé farinn að vonast eftir smá vætu í kortunum.



Skólasetning Flóaskóla verður miðvikudaginn 23. ágúst næstkomandi í Þjórásarveri kl 10:00, gert er ráð fyrir að allir nemendur mæti með sínum forráðamönnum.

Að loknu stuttu ávarpi skólastjóra fylgja nemendur umsjónarkennurum í heimastofu. Kennarar kynna skipulag skólafarfa komandi vetrar, fyrirkomulag náms og aðra mikilvæga þætti í skólafarfinu. Nánari upplýsingar um skólabyrjun þeirra verða sendar til forráðamanna. Skólahald hefst síðan samkvæmt stundaskrá fimmtudaginn 24. ágúst. Skólaakstur hefst einnig þann dag og verður skipulag hans birt á heimasíðu skólans.

Líkt og undanfarin ár er lengd viðvera eftir skóla – frístund - í boði fyrir nemendur í 1. - 4. bekk, skráningu í hana fyrir komandi skólaár þarf að vera lokið fyrir 8. ágúst. Sumarfrístund verður opin frá og með 16. ágúst, mánudag til fimmtudags frá kl. 8:00 til 16:30 og frá kl. 8:00 til 16:00 á föstudag, fram að skólasetningu. Senda þarf sér skráningu vegna þessara daga. Skráning í frístund er send á netfangið floaskoli@floaskoli.is.

Í júníbyrjun fóru starfsmenn Flóaskóla í fimm daga námsferð til Danmerkur. Þetta var afar vel heppnuð ferð og heimsóttum við meðal annars Gudenåskolen i Ry sem við erum í samstarfi með í Nordplus verkefni. Í byrjun september kemur til okkar um 20 manna hópur nemenda og kennara frá skólanum og dvelur hjá okkur í viku. Þetta er spennandi samstarf sem vonandi vex og dafnar á komandi árum. Undirbúningur fyrir skólaárið er að hefjast í skólanum og við erum full tilhlökkunar að takast á við verkefni komandi vetrar.

Bestu kveðjur úr Flóaskóla
Þórunn Jónasdóttir, skólastjóri

Gönguferð

Gönguferð kvenfélaganna þriggja, Gaulverjabæjar, Hraungerðis og Villingaholtshrepps, verður farin fimmtudaginn 17. ágúst kl. 17:00. Við hittumst á N1 og getum þar sameinast í bíla. Farið verður að Snæfoksstöðum og gengið þar um skóginn.

Vonumst til að sjá sem flestar.

Kvenfélag Hraungerðishrepps

Leikjavöldum Þjótanda fer senn að ljúka

Sumaræfingar og leikjavöld sem eru á fimmtudags- og föstudagkvöldum verða í fríi vikuna fyrir Verslunarmanna-helgina, 3. og 4. ágúst.

Síðustu leikjavöld sumarsins verða svo í vikunni eftir það, 10. og 11. ágúst. Takk fyrir frábæra mætingu í sumar!
Þjálfarar

Dagskrá mánaðarins:

Unglingalandsmót á Sauðárkróki	3. - 6. ágúst
Leikjavöld eldri	10. ágúst
Íþróttæfing yngri	11. ágúst
Gönguferð kvenfélagana	17. ágúst
Skólasetning Flóaskóla	23. ágúst
Hestamannakaffi í Félagslundi	26. ágúst

